



# FLUGTÍÐINDI

Félag Íslenskra Einkaflugmanna

2. tbl. 2000

Mái 2000

## EFNI BLAÐSINS

- Sumardagskrá FÍE
- Uppfærð heimasíða FÍE
- Flugáætlana aðstaða FÍE
- Flugrally FÍE & FMÍ, o.fl.

## Sumardagskrá :

**21. maí.** Flugklúbbur Selfoss verður með vorferð. Munum við slást í för með þeim. Farið verður þangað sem gott er veður. Mæting FÍE 11:00 flogið á Selfoss og svo þaðan í hóp

**10. júní.** Opunarhátíð Café Riis á Hólmavík. Mæting FÍE 11:00 Brottför 12:00. Skráning í síma 896 0003 (Hjalti).

**24. júní.** Hella 2000 Geirflugl. Flugfélagið Geirflugl verður á Hellu. FÍE ætlar að fara í hópflugi á Hellu þar sem fram fer lendingarkeppni Geirflugls og Íslandsmeistaramót í listflugi nánar auglýst síðar ( ath. fer eftir veðri ) Mæting FÍE kl. 10:00

**8. júlí.** Vélflugfélag Akureyrar Flugskólabíkarinn hefst kl. 14:00 Ætlunin er að fljúga í hópflugi norður. Mæting FÍE 10:00 Brottför 10:30

**15. júlí.** Flugrally FÍE og FMÍ Selfossi, mæting á Selfossi kl. 12:00 nánar auglýst síðar. ATH: Námskeið 29. maí.

**22. júlí.** Flogið á Patreksfjörð og farið á flugminjasafnið að Hnjóti Mæting FÍE kl. 11:00

**4. ágúst.** Fly-inn á Fjölskyldu-hátíð í Múlakoti Mæting FÍE kl. 18:30 Brottför kl. 19:30. Þarfnast ekki frekari útskýringa

**19. ágúst.** Hópflug alla leið á Tungubakka Mosó. Þar sem fram fer lokakeppni Íslands-meistaramóts í Listflugi árið 2000 Mæting FÍE 12:00 Keppnin byrjar 14:00. ( Ætlunin er að fara í 30 mín. hring í hópflugi og fljúga þannig yfir Mosf. bæ )

**2. september.** Pétursbikarinn. Hefst kl. 14:00 á Selfossi. FÍE verður með Fly-inn á Selfoss. Mæting FÍE kl. 11:30 brottför kl. 12:00

**Heimasíða FÍE** hefur nú verið uppfærð eru félagar kvattir til að kíkja á hana. Þar eru meðal annars net-myndavélar sem eru víðsvegar um landið. Slóðin er : <http://www.vortex.is/aopa>

### Ný aðstaða fyrir gerð flug- áætlana

Búið er að setja upp borð í félagsheimilinu og eru þar eyðublöð fyrir flugáætlanir. Markmiðið er að setja þar upp tölvu sem hægt verður að plana á, fá veðurupplýsingar og gera jafnvægis útreikninga fyrir flug. Stjórn félagsins óskar eftir því við félagsmenn að athuga hvort þeir eru aflögufærir um einhvern tölvu búnað sem hægt væri að nota. Vinsamlegast hafið samband við Ilias í síma 897-8206 ef þið teljið að þið hafið svona “dýrgripi” undir hendinni sem þið þurfið að losna við.

### Flugrally FÍE og FMÍ

Stefnt er að því að halda flugrally þann 15. júlí n.k. Mun það verða gert frá Selfossi. Búið er að hengja upp skráningarlista hér og þar og eru menn hvattir til að skrá sig.

Ákveðið hefur verið að halda námskeið ( eitt kvöld ) til að undirbúa tilvonandi keppendur og útskýra leikreglur. Námskeiðið verður haldið mánudaginn 29. maí n.k. í kennslustofu Flugskóla Íslands, Reykjavíkurlflugvelli og hefst kl. 20:00. Allir flugmenn og flugkonur eru kvattir til að fjölmenna, og er námskeiðið að sjálfsögðu ókeypis. Athugið að það þarf að taka með sér reiknistokk (flight computer) gráðuboga og góða skapið að sjálfsögðu.

### Þrjú H

Nú þegar sumar er gengið í garð kemur sá tíma að við flugmenn förum að fljúga til allra óstjórnðu flugvallana sem eru úti um allt í okkar fallega landi. Nú er einmitt rétti tíminn til að rifja upp þær reglur sem gilda um flug í nágrenni óstjórnaðra flugvalla á Íslandi. Eftir að hafa verið flugmaður á Íslandi í meira en áratug veit ég að við getum bætt okkur í flugi í nágrenni óstjórnaðra flugvalla. Ein af mikilvægustu reglunum í öllum talstöðvarviðskiptum fyrir flug er **þrjú H**, hvort sem um er að ræða flug í stjórnðu eða óstjórnðu

loftrými. Ekki vegna þess að það er upphafsstafurinn í nafninu mínu, heldur vegna þess að það er u.þ.b. það eina sem þú þarft að kunna. Þrjú H stendur fyrir **Hver-Hvar-Hvað**. Hver þú ert, hvar þú ert (og hæð) og hvað þú ætlar að gera eða hvað þú óskar eftir að gera. Mesta hætta á árekstri milli flugvéla er í nágrenni flugvalla og líkurnar á að flugmenn sjái aðrar flugvélar margfaldast við það að vita af öðrum flugvélum. Samkvæmt ísl-enskum flug-reglum um fjar-skipti í nágrenni óstjórnaðra flugvalla eigum við að senda tilkynningu um að við séum að nálgast flugvöll í u.þ.b. 15NM fjarlægð frá flugvelli, sem er allt of langt frá flugvelli að mínu mati, og síðan á lokastefnu. Að mínu mati ætti einnig að tilkynna að við séum að koma inn í umferðahring, undan vindi og á þverlegg. Einnig á að tilkynna áður en ekið er inn á flugbraut og fyrir flugtak. Senda skal þessar tilkynningar þótt ekki séu aðrar flugvélar í nágrenni flugvallarins, þ.a.s. senda blint. Fyrir sjónflug til Reykjavíkur, ef flogið er undir FAXI TMA, skal tilkynna við ytri stöðumið eða 10NM frá flugvelli. Fyrir sjónflug til annara stjórnaðra flugvalla á Íslandi skal tilkynna

áður en komið er inn í stjórnað loftrými (10NM fyrir Keflavík undir FAXI TMA, 10 NM fyrir Vetmannaeyjar og breytilegt fyrir Akureyri).

Ekki gilda sömu reglur um hvernig eigi að koma inn í umferðahring í stjórnðu og óstjórnðu loftrými hér á Íslandi. Í stjórnðu loftrými á að koma inn í umferðahring með 45° horni eins og margir okkar kannast við frá Bandaríkjunum. Fyrir óstjórnaða flugvelli skal koma inn í umferðahring frá þeirri hlið flugbrautar sem umferðahringurinn er ekki, þvert yfir flugbrautina og beygja síðan til vinstri undan vindi (sjá mynd 1).

Förum varlega og verum ófeimin að nota talstöðina.

- Helgi Krist.

### **“Pinch Hitters” – Kynning á flugi ætluð mökum flugmanna**

Við könnumst mörg við það hve gaman það getur verið að fara með maka okkar og fjölskyldumeðlimi í útsýnisflug og ferðalög. En stundum þarf ekki nema eitt flug, þar sem eitthvað gekk ekki eins og skyldi til að makinn vill síður fara aftur.

Komið hefur til tals að FÍE haldi kynningu fyrir maka flugmanna, svokallað “Pinch Hitters” námskeið, þar sem farið er yfir undirstöðuatriði flugs, og flogið eru nokkrir flugtímar með kennara.

Við óskum eftir að fá að heyra undirtektir frá félagsmönnum. Ef þú, eða maki þinn, hafið áhuga á þessari kynningu, hafið þá samband við Hörð Sverrisson með tölvupósti [fluying@isholf.is](mailto:fluying@isholf.is) eða hringið í síma 898 1894. HS

### **Breytingar í AIP**

Í næstu breytingum sem koma fyrir í AIP mun umferðahringjum fyrir Selfoss og Vestmannaeyjar verða breytt. Umferðahringur fyrir braut 05/23 á Selfoss mun verða fyrir vestan flugvöllinn og fyrir sunnan flugvöllinn fyrir braut 15/33. Í Vestmannaeyjum mun umferðahringur fyrir braut 04/22 verða fyrir austan flugvöllinn og fyrir braut 13/31 fyrir sunnan flugvöllinn. Þetta er gert til þess að minnka hávaðamengun frá flugi.

Fljótlega mun verða tekin ný tíðni í notkun fyrir spjallrás á flugi. Í stað 123.45 Mhz, sem nú er notuð, mun tíðnin 133.50 Mhz

verða tekin í notkun. Tíðnin 123.45 mun verða notuð í öðrum tilgangi.

### **Að lokum....**

Ertu með efni til blaðsins? Sendið okkur tölvupósti í [aopa@vortex.is](mailto:aopa@vortex.is).